

FLJÚGANDI
FRÆÐSLUEFNI Í BODI
LISTASAFNS
REYKJAVÍKUR
- GÓÐA FERÐ!

REYKJAVÍKUR
LISTASAFN
ART MUSEUM

Erró

Ragnar
Kjartansson

Erró

Sigurður
Guðmundsson

RATLEIKUR BREIÐHOLT

- FRÆÐSLA, UMFJÖLLUN OG VERKEFNI FYRIR UNGT FÓLK ·
- 10 LISTAVERK EFTIR 8 ÍSLENSKA LISTAMENN SEM STAÐSETT ERU Í BREIÐHOLT ·

Erró

Sigurður
Guðmundsson

Sara Riel

Theresa Himmer

Ásmundur
Sveinsson

Um kennsluefnið

Í verkefninu *Ratleikur um útilistaverk í Breiðholti* er að finna verk 8 íslenskra myndlistarmanna. Verkin hafa verið valin sérstaklega til þess að prýða ákveðin svæði í Breiðholti og skapa upplifun og samtal við íbúa hverfisins.

Markmið verkefnisins er að skapa tækifæri fyrir nemendur og kennara til þess að kynnast betur 10 útilistaverkum sem staðsett eru í Breiðholti og listamönnunum sem sköpuðu þau. Það er hlutverk safna að miðla þekkingu um listverkin sem þau hafa að geyma. Listaverkin sem fjallað er um í verkefninu eru öll hluti af safneign Listasafns Reykjavíkur. Ratleikurinn beinir sjónum að útliti listaverkanna, einkennum þeirra og innihaldi út frá ólíkum námsgreinum. Hugleiðingar um tengsl listaverkana við fjölbreytt umræðuefni liðandi stundar er eitt af einkennum ratleiksins ásamt því að lögð er áherslu á að horfa, snerta, upplifa og framkvæma. Við mótun verkefna eru grunnþættir aðalnámsskrár hafðir að leiðarljósi. Vonast er til að með verkefninu fái bæði nemendur og kennarar tækifæri og tilefni til að ganga á milli útilistaverkanna og kynnast verkunum og listamönnunum á nýja vegu í gegnum leik og hreyfingu.

Höfundar texta: Ásdís Spanó og Hugrún Þorsteinsdóttir.
Hönnun: Helga Gerður Magnúsdóttir

Útgefið af Listasafni Reykjavíkur 2015,
endurskoðað 2019.



LISTAMAÐUR	TITILL	STAÐSETNING
Ásmundur Sveinsson	Fýkur yfir hæðir	Hagaseli 40
Ásmundur Sveinsson	Móðir mín í kví kví	Seljatjörn
Sara Riel	Fjöðrin	Asparfelli 2-12
Theresa Himmer	Birtingarmynd	Jórufelli 2-12
Erró	Veggmynd	Álftahólum 4
Sigurður Guðmundsson	Mynd	Markúsartorgi við Gerðuberg
Ragnar Kjartansson	Án titils	Krummahólum
Erró	Veggmynd	Suðurrhólum
Hallsteinn Sigurðsson	Ferningur 1	Stekkjarbakka
Jón Gunnar Árnason	Sólarauga	Mjódd



Fýkur yfir hæðir

LISTAVERKIÐ:

Fýkur yfir hæðir er dæmigert fyrir þá einföldun í formi sem Ásmundur leitaði eftir á fjórða áratugnum. Smáatriðum er smám saman eytt út úr myndinni þar til eftir stendur það eitt sem nægir til að koma inntaki verksins til skila. Heildarsvipur verksins er einfaldaður niður í einn samfelldan formmassa sem sýnir hvernig móðirin beygir sig yfir barnið og skýlir því fyrir vindinum. Með einföldun er ekki átt við að verk Ásmundar hafi verið að þróast í átt að óhlutbundinni list sem kom síðar á ferli hans, heldur var þetta tilraun til að leita að beinskeyttu og skýru myndmáli sem væri þó ekki raunsæjislegt eins og klassískar höggmyndir. (Heimild: Íslensk listasaga)

LISTAMAÐURINN:

Ásmundur Sveinsson fæddist árið 1893. Hann ólst upp í sveit í Dölunum og hóf námsferil sinn sem listamaður hjá Ríkarði Jónssyni myndskera 22 ára gamall. Þá fór hann til Danmerkur í listnám og þaðan til Svíþjóðar og að lokum til Parísar í Frakklandi. Ásmundur er því einn af frumkvöðlunum í íslenskri höggmyndalist. Eftir að Ásmundur fluttist heim reisti hann m.a. tvær byggingar sem hann bjó í og var með vinnustofuna sína. Þær eru báðar söfn í dag. Ásmundur sótti innblástur í íslenskar sagnir og þjóðtrú og í form náttúrunnar. Síðar voru einnig ýmsar tækninýjungar 20. aldar honum hugleiknar. Ásmundur var afkastamikill listamaður. Verkum hans hefur verið komið fyrir á opinberum stöðum víða um land og er það í anda hugmynda Ásmundar um að listin eigi ekki að vera fyrir fáa útvalda heldur hluti af daglegu lífi allrar alþýðu. Ásmundur Sveinsson lést árið 1982, 89 ára gamall.

LISTAMAÐUR:
ÁSMUNDUR SVEINSSON
STAÐSETNING:
VIÐ SELJAKIRKJU
ÁR: 1933
HÆÐ: 95 CM
BREIDD: 50 CM
GREIN: SKÚLPTÚR
UNDIRGREIN:
MÁLMSKÚLPTÚR

Pælingar

ÁSMUNDUR mótaði verkið Fýkur yfir hæðir þegar hann bjó og starfaði á Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi á árunum 1931-1933. Um þessa fallegu en jafnframt átakanlegu mynd sagði Ásmundur: „Ég gerði hana í Laugarnesi. Það var bylur úti og mér datt í hug að gera mynd af konu sem reynir að vernda barnið sitt. Lítill strákur kom svo til mín síðar, sá skissuna og segir: „Ég veit hvað þessi mynd heitir.“ „hvað heitir hún?“ sagði ég. „Fýkur yfir hæðir“, sagði stráksi.“ (Heimild Mbl)

ÁSMUNDUR er einn af frumkvöðlum íslenskrar myndlistar. Getur þú nefnt fleiri frumkvöðla?

ÞEGAR Ásmundur er í París árið 1926 var mikið um að vera í listalífi Parísarborgar. Hvaða listamenn gæti hann hafa hitt í París á þessum tíma?

HVERJAR eru þær tvær byggingar sem Ásmundur reisti sjálfur á Íslandi? Hvað er einkennandi fyrir þær? Hvernig ætli hafi verið umhorfs í Reykjavík á þessum tíma?

Hugtök

ÓHLUTBUNDIN LIST:

Hefur einnig verið kölluð abstraktlist. En eins og orðið sjálft segir „ó-hlut-bundið“ er slíkt myndmál ekki bundið neinum sérstökum hlut, það er að segja við sjáum ekki hluti sem við þekkjum eins og hús eða tré, heldur sýnir slík myndlist einungis samspil forma, lita eða lína.

NATÚRALISMI:

Listastefna þar sem takmarkið er að gefa eins raunsanna mynd af náttúrunni og kostur er.

ÚTILISTAVERK:

Högg- og veggmyndir sem staðsettar eru úti og í flestum tilfellum í almannarými.

Kveikjur fyrir íslensku



PÆLINGAR:

„Fýkur yfir hæðir“ er kvæði sem er samið af Jónasi Hallgrímssyni árið 1837. Hér má sjá tvö af átta erindum í kvæðinu.

Fýkur yfir hæðir og frostkaldan mel,
í fjallinu dunar, en komið er él,
snjóskýin þjóta svo ótt og ótt;
auganu hverfur um heldimma nótt
vegur á klakanum kalda.

Hvur er in grátna sem gengur um hjarn,
götunnar leitar, og sofandi barn
hylur í faðmi og frostinu ver,
fögur í tárur, en mátturinn þverr –
hún orkar ei áfram að halda.



FRAMKVÆMD:

Nemendur lesa kvæði Jónasar Hallgrímssonar og greina myndmál þess og skrifa niður lýsingu á því. Einnig er hægt að vinna klippimynd út frá túlkun nemenda á kvæðinu.



FRAMKVÆMD:

Nemendur skoða verk Ásmundar, t.d. við Ásmundarsafn og leita svo uppi þær þjóðsögur eða Íslendingasögur sem listamaðurinn hefur sótt innblástur í. Nemendur lesa upp eins og um útvarpsleikrit væri að ræða með leikrænum tilburðum.



FRAMKVÆMD:

Ásmundi var hugleikin erfiðisvinna verkafólks á Íslandi samanber vatnsbera og þvottakonur. Nemendur lesa frásagnir frá þessum tíma og vinna styttri útdrætti úr textanum.



MUNA EFTIR RÉTTU GRÆJUNUM Í GÖNGUTÚRINN!

Kveikjur fyrir myndlist



PÆLINGAR:

Íslenskar þjóðsögurnar voru Ásmundi hugleiknar og í senn mikill innblástur. Fjölmörg verka hans eru unnin út frá íslenskum þjóðsögum.



FRAMKVÆMD: Nemendur vinna verk í leir í anda skúlptúra Ásmundar. Lesin er íslensk þjóðsaga sem nemendur eiga svo að túlka með leirverkum. Verklegur útgangspunktur er að vinna með samfelldan formmassa.

Kveikjur út frá sjálfbærni



PÆLINGAR:

Það má segja að með verkum Ásmundar um vinnandi fólk sé listamaðurinn að varðveita hluta af okkar menningarafi?




FRAMKVÆMD: Nemendur vinna skúlptúr út frá nútíma störfum. Getur hluti af störfum dagsins í dag orðið óþarfur eftir nokkur ár? Listaverkið þitt getur orðið að minnisvarða um okkar tíma.

„ÉG KÝS BLÓMLEGAR KONUR...”

Stór hluti af verkum Ásmundar fjalla um konur; allt frá ástríkum mæðrum til stritandi vinnukvenna eða frá viðkvæmum stúlkum til hamslausra tröllkvenna.

Ásmundur var afkastamikill listamaður. Alls eru skráð 2362 listaverk eftir Ásmund Sveinsson hjá Listasafni Reykjavíkur, þar af eru 384 höggmyndir.





Móðir mín í kví kví

LISTAVERKIÐ:

Ásmundur Sveinsson sótti meðal annars innblástur í þjóðsögur í verkum sínum og slíkar tengingar er að finna í verkinu Móðir mín í kví, kví. Verkið sýnir barnið birtast móður sinni og bjóða henni „dulu að dansa í“. Verkið hefur einföld form þar sem ekki eru að finna smáatriði í líkama móður og barns þar til eftir stendur það sem nægir til þess að koma inntaki verksins til skila. Verkið sýnir móðir í angist og látið barn hennar sem birtist henni.

LISTAMAÐURINN:

Ásmundur Sveinsson fæddist árið 1893. Hann ólst upp í sveit í Dölunum og hóf námsferil sinn sem listamaður hjá Ríkarði Jónssyni myndskera 22 ára gamall. Þá fór hann til Danmerkur í listnám og þaðan til Svíþjóðar og að lokum til Parísar í Frakklandi. Ásmundur er því einn af frumkvöðlunum í íslenskri höggmyndalist. Eftir að Ásmundur fluttist heim reisti hann m.a. tvær byggingar sem hann bjó í og var með vinnustofuna sína. Þær eru báðar söfn í dag. Ásmundur sótti innblástur í íslenskar sagnir og þjóðtrú og í form náttúrunnar. Síðar voru einnig ýmsar tækninýjungar 20. aldar honum hugleiknar. Ásmundur var afkastamikill listamaður. Verkum hans hefur verið komið fyrir á opinberum stöðum víða um land og er það í anda hugmynda Ásmundar um að listin eigi ekki að vera fyrir fáa útvalda heldur hluti af daglegu lífi allrar alþýðu. Ásmundur Sveinsson lést árið 1982, 89 ára gamall.

LISTAMAÐUR:
ÁSMUNDUR SVEINSSON
STAÐSETNING:
SELJATJÖRN
ÁR: 1943
HÆÐ: 290 CM
BREIDD: 113 CM
GREIN: SKÚLPTÚR
UNDIRGREIN: BLÖNDUÐ
TÆKNI

Þjóðsaga

MÓÐIR MÍN Í KVÍ KVÍ

Einu sinni var vinnukona á bæ. Hún hafði orðið þunguð, alið barn og borið út sem ekki var mjög ótítt á landi hér meðan harðar skriftir, sektir eða líflát voru lögð við slíkum brotum. Eftir það bar svo til eitthvert sinn að halda átti gleði þá er vikivaki nefndist og alltíðir voru hér áður á landi, og var þessari hinni sömu stúlku boðið til vikivakans. En af því hún var ekki svo fjölskrúðug að hún ætti skartföt er sambyði slíkum skemmtifundi sem vikivakar voru á fyrri dögum, en var kona glysgjörn, lá allilla á henni að hún yrði þess vegna að sitja heima og verða af gleðinni. Einu sinni á málum meðan gleðin stóð til var griðkona þessi að mjólka ær í kvíum með öðrum kvenmanni; var hún þá að fárast um það við hina mjaltakonuna að sig vantaði föt að vera í á vikivakann; en í því hún sleppir orðinu heyra þær þessa vísu kveðna undir kvíaveggnum:

„Móðir mín í kví, kví,
kvíddú ekki því, því;
ég skal ljá þér duluna mína
að dansa í, að dansa í.“

Griðkona sú sem hafði borið út barn sitt þóttist þekkja hér skeyti sitt enda brá henni svo við vísuna að hún varð vitstola alla ævi síðan.

Kveikjur fyrir íslensku



PÆLINGAR: Gæti þessi saga um vinnukonuna hafa endurtekið sig í samtímanum?



FRAMKVÆMD: Nemendur lesa þjóðsöguna um Móður mína í kví kví og umskrifa í nútímalegt mál eða endursegja hana eins og hún gæti gerst í samtímanum.

Hugtök

ÓHLUTBUNDIN LIST:

Hefur einnig verið kölluð abstraktlist. Það er myndlist sem ekki er eftirgerð hins sýnilega heldur misfrjálsleg útsetning á því og er oft byggð á ápreifanlegum fyrirbærum, t.d. tré, sem í meðförum listamanns verður að samræmdu samspili lína, lita og forma.

HÖGGMYND:

Kallast einnig skúlptúr sem er þrívítt myndlistarverk höggvið í stein eða mótað úr málmi, tré eða öðru efni.

RAUNSÆI (REALISMI):

Í raunsæisstefnu er verið að sýna fólk, t.d. við vinnu eða fólk í raunverulegum aðstæðum og umhverfi án allrar fegurunar.

ÚTILISTAVERK:

Högg- og veggmyndir sem staðsettar eru utandyra og eru í flestum tilfellum í almenningsrými.

Kveikjur fyrir myndlist



PÆLINGAR:

Nemendur velta fyrir sér hvort að verk Ásmundar sem standa við Seljatjörn eigi eitthvað sameiginlegt?



PÆLINGAR:

Nemendur velta fyrir sér hvort og hvar þeir hafi séð önnur verk eftir Ásmund Sveinsson.




FRAMKVÆMD:

Nemendur vinna skúlptúr þar sem að þeir túlka manneskju sem verður vitstola af sorg. Efni: leir ásamt öðru efni svo sem vírar, pinnar, bönd, málning.



MUNA EFTIR RÉTTU GRÆJUNUM Í GÖNGUTÚRINN!



Fjöðrin

LISTAVERKIÐ:

Veggmynd af fjöður, máluð með utanhúsmálningu, sem þegar betur er að gáð, er samsett úr fuglum. Fjöðrin er mynduð úr 43 fuglum af 23 tegundum, far- og staðfuglum, sem skapa eina heild. Hver fön í fjöðrinni er máluð sem fuglshamur með fimm litum. Í efsta hluta fjaðrarinnar eru fálfar og eftir því sem neðar dregur er að finna gæsir og endur og aðrar smávaxnari fuglategundir. Verkið byggist á vatnslitamyndum Söru Riel, af sýningunni Memento mori í Listasafni Íslands þar sem að hún sótti innblástur á náttúrugripasöfnum. Í undirbúningi fyrir sýninguna heimsótti Sara náttúrugripasöfn í þeim tilgangi að skissa fuglshami og nýta í listsköpun sinni.

LISTAMAÐURINN:

Sara Riel (1980) stundaði nám við listasvið Fjölbrautaskólans í Breiðholti og síðar við Listaháskóla Íslands 2000-2001 og Weißensee Listaháskólann í Berlín 2001-2005. Sara Riel hefur vakið eftirtekt fyrir „strætislistaverk“ sín í Reykjavík sem og í fleiri borgum víða um heim. Hún hefur tekið þátt í fjölda sýninga hér á landi og erlendis í minni galleríum sem og virtum sýningarsölum. Sara er meðlimur í Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur og alþjóðlegu strætislistagengi sem nefnist Big Geezers.

LISTAMAÐUR:

SARA RIEL

STAÐSETNING:

ASPARFELLI 2-12

ÁR: 2014

HÆÐ: 17 METRAR

BREIDD: U.Þ.B. 3

METRAR

GREIN: VEGGMYND

UNDIRGREIN:

MÁLVERK

Kveikjur fyrir myndlist



PÆLINGAR:

- Hvaðan fá listamenn hugmyndir að listaverkum sínum?
- Hvernig eru veggmyndir gerðar?
- Hver er munurinn á grafítí og veggmynd?
- Væri hægt að búa til fjöður en nota útlínur annarra dýrategunda?
- Hvaða áhrif hefur skugginn á veggmyndina?



FRAMKVÆMD:

Nemendur leita að strætislist eða graffití í sínu nánasta umhverfi. Hverju vill viðkomandi miðla með strætislist eða graffití? Má sjá skýra sögu eða frásögn í verkinu?



FRAMKVÆMD:

Kynnið ykkur nánar strætislistamenn og verk þeirra, til dæmis þá sem eru í sömu samtökum og Sara Riel.



FRAMKVÆMD:

Teiknaðu upp útlínur að dýri með hliðsjón af verkinu Fjöðrin sem er samansett úr útlínum margra dýra.



FRAMKVÆMD:

Ímyndið ykkur að vængurinn sé hluti af lifandi dýri, hvernig liti það út? Teiknið eða gerið líkan af hugmyndum ykkar.



FRAMKVÆMD:

Ef að þú fengir tækifæri til að gera stórt vegglistaverk fyrir Breiðholt, hvernig myndi það líta út? Hvaða hugmynd býr þar að baki?

„Markmið mitt er að endurspegla, endursegja og endurraða þáttum úr náttúrunni og sögusögnum. Útkomuna úr rannsóknum mínum færi ég í stílinn. Stíllinn á sinn uppruna í grafískri hönnun, teiknimyndum/myndskreytingum og strætislist/graffití. Ég reyni að dansa á ósýnilegri línu á milli myndlistar og hönnunar.“



Hugtök

TÁKN:

Fjöðrin gæti verið tákn fyrir fjölbreytilegt mannlíf í Breiðholti.

VEGGMYND:

Myndefni eða listaverk sem unnið er beint á vegg og getur verið bæði innan- sem utandyra.

GRAFFITÍ /

STRÆTISLIST:

Eru skrif eða teikning sem hefur verið krotuð, teiknuð, kröfsuð eða sprejjuð á vegg eða annað yfirborð, í flestum tilvikum, í almenningsrými. Strætislist er talin vera utangarðslist, í henni birtast oft andóf og stundum er hún ólögleg.

ÚTILISTAVERK:

Högg- og veggmyndir sem staðsettar eru úti og í flestum tilfellum í almenningsrými.

FALLSKUGGI:

Er sá skuggi sem fellur af hlutum þegar ljós eða birta fellur á hann. Fallskuggi í teikningu er notaður til þess að skapa þrívíddaráhrif.

Kveikjur út frá sjálfbærni



PÆLINGAR:

Er alla fuglana í verkum Söru að finna á Íslandi? Umhverfisáhrif geta haft afdrifarík áhrif á dýralíf í landinu. Hverjir gætu verið helstu skaðvaldar? Eru til dæmi um að fuglategund á Íslandi hafi dáið út?



FRAMKVÆMD:

Af þeim 23 tegundum sem finna má í veggmyndinni væri hægt að kanna hversu margar tegundir má finna í Breiðholti. Er einhverjar þeirra í útrýmingarhættu?

Kveikjur fyrir samfélagsfræði



PÆLINGAR:

Sara Riel segir að verkið hafi meðal annars tilvísun í það fjölbreytta samfélag sem finna má í Breiðholti þar sem ólíkir einstaklingar skapa eina heild og samfélag. Fjöðrin er gerð úr far- og staðfuglum sem mynda eina heild.



FRAMKVÆMD:

Veggmyndin skoðuð og velt vöngum um fjölbreytileikann í íslensku samfélagi. Spyrja má: Hvenær getum við sagst vera Íslendingar? Hvað er að vera Íslendingur? Hvað gerir okkur að þjóð?

Kveikjur fyrir stærð-fræði



PÆLINGAR:

Blokkarveggurinn sem fjöðrin er máluð á er um 24 metrar á hæð, en fjöðrin 17 metrar á hæð og um það bil 3 metrar á breidd.




FRAMKVÆMD:


Nemendur skoða stærðarhlutföll á veggmyndinni, hvað hver fugl þekur mörg prósent af fjöðrinni. Hvað er fjöðrin stór hluti af útvegg hússins? Hvernig væri hægt að mæla hlutföllin?



... tjaldur,
heiðlóa,
hrossagaukur,
spói,
stelkur,
þúfutittlingur,
maríuerla,
skógarþröstur,
starri ...



MUNA EFTIR RÉTTU GRÆJUNUM Í GÖNGUTÚRINN!



Birtingarmynd




LISTAVERKIÐ:

Listamaðurinn ljósmyndaði steypu bak við klæðningu fjölbýlishússins í gegnum smásjá og prentaði stækkaðar ljósmyndir af steinsteypuögnum á veggklæðningu á gaffli hússins með tækni svipaðri silkiprykki. Við stækkunina taka steypuagnirnar á sig fullkomlega óhlutbundin form þannig að erfitt er að ráða í mælikvarðann. Þannig gætu myndirnar sem birtast á veggnum verið loftsteinar, malargrjót eða plánetur.

LISTAMAÐURINN:

Theresa Himmer (1976) er tékknesk-danskur arkitekt og listamaður sem býr og starfar í New York. Hún er fædd í Danmörk þar sem hún menntaðist í arkitektúr og myndlist. Hún bjó á Íslandi á árunum 2005-2009. Í listsköpun sinni sameinar hún gjarnan myndlist og arkitektúr og vinnur oft staðbundna list sem er í beinum tengslum við borgarumhverfið. Hún gerir tilraunir í myndlist sinni og vinnur oft rannsóknarvinnu í tengslum við listsköpun sína.

LISTAMAÐUR:
THERESA HIMMER
STAÐSETNING:
JÓRUFELL 2-12
ÁR: 2013
HÆÐ: 13 METRAR
BREIDD: 14 METRAR
GREIN: VEGGMYND
UNDIRGREIN: MÁLVERK



Pælingar

BORGARRÁÐ samþykkti tillögu borgarstjóra um listaverkið á vegg blokkarinnar í Jórufelli en þar kom meðal annars fram að: „Listaverk í opinberu rými geti haft mjög jákvæð áhrif á umhverfið, fegrað það, vakið umræðu og skapað almennan áhuga á myndlist.“

MYNDLISTARMENN geta unnið út frá mörgum miðlum, t.d.málun, skúlptúr eða vídeó en einnig út frá mörgum fræðasviðum líkt og Theresa gerir í sinni myndlist en hún vinnur með efnafræði og samfélagsfræði í verkinu Birtingarmynd.

HVAÐA áhrif hefur staðsetning og veðráttu á byggingar? Getur verið að meira viðhald þurfi á byggingum sem standa hærra í landi en byggingum sem standa í skjóli?

Hugtök

STAÐBUNDIN LIST:

Myndlist sem unnin er út frá ákveðnum stað eða staðháttum og ekki er hægt að færa á annan stað.

ÓHLUTBUNDIN LIST:

Kallast líka abstraktlist. Það er myndlist sem ekki er eftirgerð hins sýnilega heldur misfrjálsleg útsetning á því og er oft byggð á áþreifanlegum fyrirbærum, t.d. tré, sem í meðförum listamanns verður að samræmdu samspiли lína, lita og forma.

JÁKVÆTT- OG NEIKVÆTT RÝMI:

Myndefnið í teikningu er oft nefnt jákvætt rými. Neikvæða rýmið er það sem skilið er eftir autt.

ÚTILISTAVERK:

Högg- og veggmyndir sem staðsettar eru úti og í flestum tilfellum í almannarými.

Kveikjur fyrir myndlist



PÆLINGAR:

Að baki verki Theresu er rannsóknavinna. Klæðingunni er flett af húsinu og „mein“ byggingarinnar, steypuskemmdirnar, eru rannsakaðar.



FRAMKVÆMD:

Nemendur fara í rannsóknaleiðangur og skoða hið smáa sem er nær ósýnilegt við fyrstu sýn. Hluturinn sem finnst er svo grandskoðaður með stækkunargleri eða ljósmynd sem er stækkuð upp í tölvu. Hægt væri að prenta út vinnuna í stækkaðri mynd eða vinna áfram í öðrum miðlum.



FRAMKVÆMD:

Nemendur vinna með jákvæð og neikvæð rými, leita eftir skemmdum í manngerðu umhverfi, broti í hellulögn, sprungu í vegg, gati í gólfi og búa til mót af rýminu í leir. Hægt væri að fylla mótið með gifsí og gera afsteypu, litla skúlptúra.

Kveikjur fyrir samfélagsfræði



PÆLINGAR:

Líkt og í verki listamannsins má víða finna vandamál í samfélaginu sem sjást ekki á yfirborðinu en geta skemmt út frá sér nematekið sé á þeim á viðeigandi hátt.



FRAMKVÆMD: Nemendur velta fyrir sér samfélaginu í sínu nánasta umhverfi. Þekkið þið einhver dulin mein sem hafa áhrif á heildina? Hvernig væri hægt að vinna bug á þeim?

Kveikjur fyrir náttúrufræði



PÆLINGAR:

Í verkinu er listamaðurinn að skoða göt á gafli byggingarinnar sem valda vandamálum. Í náttúrunni eru stundum litlir skaðvaldar sem geta valdið plágum, ormar, flugur o.s.frv.




FRAMKVÆMD:

Nemendur finna plöntur í nánasta umhverfi og rannsaka með smásjá eða stækkunargleri. Má finna mein á plöntunni, bletti eða göt? Hver er orsökinn?

Við
stækk-
unina
taka
steypuagn-
irnar á sig
fullkomlega óhlutbundin form
þannig að erfitt er að ráða í
mælikvarðann.



MUNA EFTIR RÉTTU GRÆJUNUM Í GÖNGUTÚRINN!



Veggmynd

LISTAVERKIÐ:

Veggmyndin er unnin með samklippi með tilvísun í verk annarra sem listamaðurinn hefur klippt, sundurgreint, raðað og límt saman í flókna frásögn um ofurhetjur, listasöguna og pólitík. Veggmyndin er máluð á 7 hæða fjölbýlishús í Breiðholti og notuð var til þess fimm hundruð ára gömul aðferð við að setja stóra mynd á vegg. Listasafn Reykjavíkur samdi við kennara við málaradeild Tækniskólans, um að mála veggmyndina á gafl fjölbýlishússins. Verkið var prentað og kolaðar voru útlínur myndarinnar á bakhlið prentsins. Aðferðin er kennd við málaradeild Tækniskólans. Meistararnir Michelangelo og Leonardo da Vinci notuðu þessa aðferð á árum áður. Neðri hluti myndarinnar er einnig settur upp á vegg íþróttarhússins Austurberg með keramikflísum og eiga bæði verkin að mynda eina heild.

LISTAMAÐURINN:

Guðmundur Guðmundsson, öðru nafni Erró (f. 1932). Hann hefur starfað í París frá árinu 1958 og verið þátttakandi í framsæknu listalífi Parísarborgar. Hann er kenndur bæði við súrrealista- og popplistarhreyfinguna. Árið 1989 gaf listamaðurinn Listasafni Reykjavíkur um 2000 listaverk úr safni sínu. Þar er að finna vatnslitamyndir, grafíkverk, skúlptúra, klippimyndir og önnur listaverk, sem spanna allan feril listamannsins, allt frá barnæsku. Erró gaf borginni einnig umfangsmikið safn einkabréfa, póstkorta, ljósmynda, skyggnumynda, kvikmynda, bóka, veggspjalda, sýningarskráa og blaðaúrklippa sem snerta listferil hans.

LISTAMAÐUR:

ERRÓ

STAÐSETNING:

ÁLFTAÓLAR 4

ÁR: 2014

HÆÐ: UM 20 METRAR


BREIDD: 14,5 METRAR

GREIN:

VEGGMYND

UNDIRGREIN:

MÁLVERK



Hugtök

SAMKLIPP:

Þegar klippt er út myndefni úr tímaritum, ljósmyndum og blöðum og raðað og límt saman í óvæntar samsetningar. Þessi aðferð hefur verið kennd við listamanninn Henri Matisse (1869-1954)

LITBRIGÐI:

Tónaður litur er litbrigði litar. Þegar sýna á fram á litbrigði lita er notast við hvítan lit og honum er bætt út í litinn og hann lýstur.

GRUNNLITIR:

Ólíkir öðrum litum að því leyti að þeir eru litir sem ekki er hægt að blanda og því oft einnig kallaðir frumlitir. Grunnlitir eru undirstaðan í blöndun allra annarra lita.

SÚRREALISMI:

Listahreyfing sem á uppruna sinn í Frakklandi á þriðja áratug 20. aldar. Innblástur listaverka var fenginn meðal annars úr draumum og dulvitundinni.

POPPLIST:

Listahreyfing sem á uppruna sinn í Bandaríkjunum á fimmta áratug 20. aldar. Í listaverkum þessarar hreyfingar birtust myndmál auglýsinga og alþýðumenningar samtímans. Listamenn sem aðhylltust þennan stíl notuðu það sem vinsælt var hverju sinni sem viðfangsefni eða innblástur verka sinna.

VEGGMYND:


Myndefni eða listaverk sem unnið er beint á vegg og getur verið bæði innan og utan dyra.

GRAFFITÍ / STRÆTISLIST:

Skrif eða teikning sem hefur verið krotuð, teiknuð kröfsuð eða spreypjuð á vegg eða annað yfirborð, í flestum tilvikum í almenningsskými. Strætislist er talin vera utangarðslist, í henni birtist oft andóf og stundum er hún ólögleg.

ÚTILISTAVERK:

Högg- og veggmyndir sem staðsettar eru úti og í flestum tilfellum í almenningsskými.



Pælingar

NOKKRAR KVEIKJUR FYRIR STRÆRÐFRÆÐI:

Stækka þurfti myndina 40 sinnum svo að hún passaði á húsgaflinn. Verkið er núna um það bil 20 metrar á breidd og 14,5 metrar á hæð. Hversu stórt hefur listaverkið verið upprunalega?

Í verkið voru notaðar pappírsrúllur sem voru 7 m á lengd og 1.65 á breidd. Hvað þurfti margar pappírsrúllur til að þekja allan vegginn?



PÆLINGAR:

Gott getur verið að nota pensil með svínshárum og skafti við að mála, sérstaklega til þess að mála bogadregnar línur þegar mála þarf stórt verk.

Í MYNDINNI Í myndinni eru blandaðir um 50 litir sem unnir voru út frá grunnlitunum gulum, rauðum, bláum og grænum, appersínugulum, svörtum og hvítum, samtals 8 litum.

Kveikjur fyrir myndlist



PÆLINGAR:

Erró vannur verk sín með tilvísunum í myndir annarra sem hann klippir saman og flytur yfir á lérefti. Hann endurbyggir flókna sögu þar sem viðfangsefnið er ýmist pólitík, erótík, listasagan, ævisögur, skáldsagnapersónur, teiknimyndahetjur og vísindaskáldskapur eða eigin listaverk.



FRAMKVÆMD:

Nemendur skoða veggmynd Errós og finna myndefni sem höfðar til þeirra. Síðan eiga nemendur að vinna eina klippimynd út frá því myndefni sem sótt var í veggmyndina. Nemendur klippa myndefni úr tímaritum, blöðum og ljósmyndum sem þeir geta á einhvern hátt tengt við myndefnið sem valið var. Gott getur verið að finna einnig efni á netinu, prenta út og raða því saman og mynda eina heild, eina frásögn.

Kveikjur fyrir samfélagsfræði



PÆLINGAR:

Í verkum listamannsins má oft finna pólitíska ádeilu sem hann tjáir með klippimyndum.




FRAMKVÆMD:

Nemendur vinna klippimynd þar sem þau taka fyrir ákveðna umræðu eða ádeili sem er á döfunni í íslensku samfélagi.

Stækka þurfti myndina 40 sinnum svo hún passaði á húsgaflinn. Myndin var prentuð í 28 renningum, hver pappírsrúlla var 7 metrar á lengd og hæðin 1.65 metrar. Alls voru rúllurnar 28.



MUNA EFTIR RÉTTU GRÆJUNUM Í GÖNGUTÚRINN!



Mynd

LISTAVERKIÐ:

Mynd er bronsafsteypa sem stendur á graníti sem síðan stendur á steinsteyptum stöpli. Höggmyndin er gerð í anda grafikseríu sem Sigurður vann á níunda áratug síðustu aldar og heitir Urbild eða frummynd. Verkið telst til abstrakt verka með vísun í höfuð að sögn listamannsins.

LISTAMAÐURINN:

Sigurður Guðmundsson er fæddur árið 1942 og var nemandi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1960–1963 en síðan í Hollandi þar sem hann lauk námi í myndlist. Hann býr og starfar í Kína og Hollandi. Sigurður hefur haldið fjölda einkasýninga víðsvegar um heiminn. Listamannsferill hans spannar rúmlega 40 ára tímabil. Viða er að finna stórar höggmyndir eftir Sigurði í opnu rými á Norðurlöndum og Mið-Evrópu. Sigurður hefur unnið fjölmargar samkeppnir og má þar nefna samkeppni um útilistaverki við Barnaspítala Hringins og útilistaverk á vegum Reykjavíkurborgar í tilefni aldamóta.

Þegar Sigurður er spurður að því hvaða hugmynd liggi að baki verki hans svarar hann á þessa leið: „Það er engin hugmynd á bak við listaverkið - ég reyni að vinna ekki með hugmyndir.“

LISTAMAÐUR:

SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

STAÐSETNING:

**MARKHÚSARTORG VIÐ
GERÐUBERG**

ÁR: 1991

HÆÐ: 290 CM

BREIDD: 113CM

**GREIN: SKÚLPTÚR /
HÖGGMYND**

**UNDIRGREIN: BLÖNDUÐ
TÆKNI**



Hugtök

HÖGGMYND:

Kallast einnig skúlptúr sem er þrívítt myndlistarverk höggvið í stein eða mótað úr málm, tré eða öðru efni.

ÓHLUTBUNDIN LIST:

Hefur einnig heitið abstrakt list. Það er myndlist sem ekki er eftirgerð hins sýnilega heldur misfrjálsleg útsetning á því og er oft byggð á áþreifanlegum fyrirbærum, t.d. tré, sem í meðförum listamanns verður að samræmdu samspili lína, lita og forma.

FÍGÚRATÍFT VERK:

Myndverk sem líkir eftir raunveruleikanum

KONSEPTLIST / HUGMYNDALIST:

Var útbreidd listastefna á árunum 1965-75. Í hugmyndalist verður hugmyndin sjálf jafn mikið listaverk og lokaútkoman jafnvel þótt hún sé ekki sýnileg. Allt ferlið frá upphafi til niðurstöðu er því jafn mikilvægt, skissur, rannsóknarferli, samtöl, tilraunir eða hvað það er sem listamaðurinn gerir. Stundum er hugsanaferlið áhugaverðara heldur en lokaverkið og efnisleg niðurstaða getur því verið í hvaða formi sem er.

ÞVER-FRAMÚRSTEFNA:

Er listastefna þar sem listamenn aðhylltust hugmyndir um afturhvarf til drunga-legrar litameðferðar og dramatískrar sjálfspjallunar í verkum sínum. Stefnuna aðhylltust málara sem trúðu því að búið væri að brjóta alla ramma hefðbundinnar tjáningar, og voru fylgjandi því að fylla sýningarsali með gamalgrónum efniviði.

FRUMMYND:

Oft notað um listaverk og er fyrsta gerð eða uppdráttur að verki.

ÚTILISTAVERK:

Högg- og veggmyndir sem staðsettar eru úti og í flestum tilfellum í almannarými.

SIGURÐUR Guðmundsson hefur gefið út nokkrar skáldsögur: *Tabularasa* (1993), *Ósýnilega konan* (2000) og *Dýrin í Saigon* (2010). Í skrifum sínum blandar Sigurður saman þekktum persónum, eigin hugarheimi, menning og samskiptum manna. Getur verið að skáldsögur hans séu líka unnin sem listaverk?

SIGURÐUR var einn af forsprökkum SÚM-hreyfingarinnar, þegar íslenskir listamenn byltu listalífinu í landinu. Á þeim tíma hafði vinna hans sterkar rætur í hugmyndalist. Hvaða áherslubreytingar hafa orðið í listsköpun hans frá þeim tíma?

VERK Sigurðar eru margvísleg allt frá ljósmyndum og skáldsögum yfir í stærri höggmyndir. Sigurður finnur hugmyndum sínum ólíkan efnivið. Ætli hann líti svo á að allt sem hann gerir sé list?

Kveikjur fyrir myndlist



PÆLINGAR:

Hver er munurinn á skúlptúr og málverki?



PÆLINGAR:

Sigurður vinnur með ýmsa listmiðla. Hvers vegna ætli Sigurður hafi valið höggmyndamiðilinn til þess að vinna þetta verk?



PÆLINGAR:

Minnir höggmyndin á eitthvað?



PÆLINGAR:

Er hægt að vinna listaverk án þess að hafa hugmynd á bak við það?



FRAMKVÆMD:

Nemendur skoða höggmyndina Mynd, efniviðinn sem verkið er unnið úr, liti og áferð. Nemendur gera léttu skissu af verkinu og því sem þeim finnst áhugavert í útliti þess. Því næst eiga nemendur að mála málverk innblásið af efniviði, litum eða áferð verksins. Þeir velta fyrir sér hvort málverkið eigi að vera abstrakt eða fígúratíft. Hugsanlega getur málverkið verið blanda af báðum.



FRAMKVÆMD:

Nemendur skoða höggmyndina Mynd og velta fyrir sér hvað formið minni á og hvort hægt sé að greina eitthvað þekkjanlegt form eða hlut í verkinu. Gerðar eru skissur af höggmyndinni á staðnum og nemendur beðnir um að bæta einhverju við hana þannig að hún verði fígúratíf. Hægt væri síðan að móta fígúratífa formið í leir.

„Það er engin hugmynd á bak við listaverkið - ég reyni að vinna ekki með hugmyndir.“

„Verkið vísar ekki til staðarins né nokkurs annars staðar.“



Kveikjur fyrir íslensku



PÆLINGAR:

Í skáldsöga Sigurðar, *Tabularasa* (1993) eru lýsingar og frásagnir draumkenndar. Getur verið að höggmyndin *Mynd* líkist skáldsögunni á einhvern hátt?



FRAMKVÆMD:

Guðbergur Bergsson sem skrifaði um höggmynd Sigurðar sagði að það væri rangt að þýða *Urbild* sem frummynd eins og oftast er gert á Íslandi að sögn listamannsins. Nemendur skoða höggmyndina og velta því fyrir sér hvers vegna hún sé tákn fyrir *Urbild* eða frummynd og færa rök fyrir því hvers vegna Guðbergur Bergsson hafi talið þýðinguna ranga.

Nemendur lesa brot úr skáldsögunni *Tabularasa*, skoða síðan höggmyndina og skrifa hjá sér þau hughrif sem verkið veitir þeim.

Kveikjur fyrir stærðfræði



PÆLINGAR:

Brons er oftast blanda af kopar og tini en meðalþyngd þess er um 8.7 g/cm^3 .
Meðalþyngd graníts er um 2.70 g/cm^3 og meðalþyngt steinsteypu er um 2.3 g/cm^3 .



FRAMKVÆMD:

Mælið eða áætlið stærðina á höggmynd Sigurðar og reiknið út hversu þung hún gæti verið?

Kveikjur fyrir samfélagsfræði



PÆLINGAR:

Hvaða þýðingu gæti það haft fyrir hverfið að hafa skúlptúr í almannarými?




FRAMKVÆMD:

Nemendur gera litla könnun þar sem fylgst er með ferðum fólks við höggmyndina og hvort hún sé skoðuð. Síðan geta nemendur beðið fólk um að svara stuttum spurningalista.

„Verkið er gert í anda grafíkseríu sem ég gerði á níunda áratugnum og heitir *Urbild*, sem er þýska og Guðbergur Bergsson sem skrifaði um þennan skúlptúr á sínum tíma sagði að það væri rangt að þýða *Urbild* sem frummynd eins og oftast er gert á Íslandi – ég held að orðið „erkitýpa“, eða eitthvað skylt því, fangi hugtakið betur.



MUNA EFTIR RÉTTU GRÆJUNUM Í GÖNGUTÚRINN!



Án titils

LISTAVERKIÐ:

Veggmyndin er jólakort sem Ragnar færði unnustu sinni fyrir jólin 2013 og málað er á annan gafl blokkarinnar. Honum fannst skemmtilegt að koma þessu persónulega verki til skila sem list í almenningsrými. Bakhlið kortsins á hinum gafl blokkarinnar. Vegglistahópur frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs aðstoðaði Ragnar við að vinna veggmyndina í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur og í samráði við íbúa hverfisins og Reykjavíkurborg.

Þegar Ragnar er spurður hvort hann sé að vísa í staðhætti við val á staðsetningu veggmyndarinnar og val á listaverki segir hann; „Nei, nema bara sú augljósa staðreynd að búa til ástarblokk í Breiðholti“.

LISTAMAÐURINN:

Ragnar Kjartansson (1976) hefur sýnt verk sín víða um heim. Hann hefur m.a. haldið einkasýningar í New Museum í New York, nútímalistasafninu Thyssen-Bornemisza í Vín og Migros-safninu í Zürich. Þá var hann fulltrúi Íslands á Feneyjartvíæringnum árið 2009. Hann er þekktur fyrir fjölbreytt verk sín sem eiga rætur að rekja í ólíka miðla, m.a. leikhús, tónlist, málverk og gjörning.

LISTAMAÐUR:

RAGNAR KJARTANSSON
OG VEGGLISTAÐÓPURINN
MIÐBERG

STAÐSETNING:

KRUMMAHÓLUM 2

ÁR: 2014

HÆÐ: 9 METRAR

BREIDD: 6,5 METRAR

GREIN: VEGGMYND

UNDIRGREIN: MÁLVERK,
TEIKNING

Pælingar

OFT vinna listamenn með persónuleg viðfangsefni í listsköpun sinni og taka fyrir tilfinningar sínar, viðburði, eða hugsjónir sem útgangspunktur í ferlinu. Í verki Ragnar hefur hann tekið ákvörðun um að deila ástabrafi sínu til unnustunnar.

EKKI er óalgengt að breytingar verði í útfærslu listaverka eftir að hafist er handa við að vinna þau. Upphafleg hugmynd Ragnar var að nota bara myndina framan á jólakortinu á gafl hússins en eftir spjall við starfsmenn Skiltagerðarinnar í Reykjavík komu þeir með þá hugmynd að mála einnig áletrunina á hinn gafl hússins og var sú hugmynd gripin á lofti.



Hugtök

FENEYJARTVÍÆRINGUR: Einn af heimsins merkustu myndlistarviðburðum sem haldinn er annað hvert ár. Viðburðurinn samanstendur af sýningum hvernar þjóðar í svokölluðum þjóðarskálum sem staðsettir eru á aðalsýningarsvæðinu í Kastalagörðum Fenejjaborgar á Ítalíu.

MELANKOLÍA: Í grísku er til orðið melankolía sem merkir þunglyndi, fálæti, depurð.

VEGGMYND: myndefni eða listaverk sem unnið er beint á vegg og getur verið bæði innan og utan dyra.

LIST Í ALMENNINGSRÝMI: Listaverk á opinberum vettvangi. List í almenningsrými getur ýmist varað tímabundið eða verið ákveðið inngríp í umhverfið.

GRAFFITÍ / STRÆTISLIST: Skrif eða teikning sem hefur verið krotuð, teiknuð, kröfsuð eða spreysuð á vegg eða annað yfirborð, í flestum tilvikum í almenningsrými. Strætislist er talin vera utangarðslist, í henni birtist oft andóf og stundum er hún ólögleg.

ÚTILISTAVERK: Högg- og veggmyndir sem staðsett- ar eru úti og í flestum tilfellum í almenningsrými.

Í verkinu er ég að „vinna með teiknimyndasöguformið en að sumu leyti er húmorinn tekinn út og melankolíu skeytt inn í staðinn“.

Kveikjur fyrir myndlist



PÆLINGAR:

Ragnar hefur lengi haft gaman af því að gera litlar myndasögur og gert þær fyrir sjálfan sig og einnig til þess að gleðja ástvini. Veggmyndin er ástarbréf sem málað er á annan gafl blokkarinnar. Ef litið er á veggmyndina sem myndasögu hver ætli söguþráðurinn sé?



FRAMKVÆMD:

Veggmyndin er skoðuð og nemendur velta því fyrir sér hvert viðfangsefni teikningarinnar geti verið: Um hvað fjallar myndin og hverju ætli Ragnar hafi ætlað að koma á framfæri við val á myndefni og staðsetningu? Nemendur búa til myndasögu þar sem framhald eða undanfari við teikningu Ragnars er list.



FRAMKVÆMD:

Eftir að nemendur hafa skoðað veggmyndina, staðsetningu þess og framsetningu eiga þeir að velja sér eitt viðfangsefni sem tengist þeim á einhvern hátt og búa til teikningu sem kæmi til með að lýsa því viðfangsefni. Nemendur velja sér síðan staðsetningu fyrir teikninguna í almenningsrými og færa rök fyrir vali sínu.

Kveikjur fyrir samfélagsfræði



PÆLINGAR:

Í gegnum tíðina hefur fólk haft mismunandi væntingar til listarinnar og oft hefur verið tekist á um í hverju gildi hennar er fólgið. Deilt hefur verið um hvort listin eigi að miðla ákveðnum siðferðilegum eða samfélagslegum boðskap eða hvort að listamaðurinn eigi að hafa listrænt frelsi til þess að gera það sem hann vill.



FRAMKVÆMD:

Nemendur skoða veggmynd Ragnars og velta vöngum yfir því hvort hún hafi ákveðinn boðskap og hver boðskapur verksins geti verið. Hefur verið sömu þýðingu fyrir íbúa hverfisins, fólk sem á leið hjá innlenda sem erlenda gesti?


Kveikjur út frá sjálfbærni



PÆLINGAR:

Hvað í veggmynd Ragnars stangast á við þær aðstæður sem við búum við á Íslandi? Er hugsanlegt að einhvern tímann muni vaxa pálmatré við íslenskar strendur? Veðráttan hefur mikil áhrif á líf okkar á jörðinni. Hvað veldur því að veður er síbreytilegt og að hitastig fer hækkandi á jörðinni? Hver er munurinn á hitastigi á Íslandi núna og fyrir 100 árum?





Ferningur 1

LISTAVERKIÐ:

Í verkinu er að finna samsetningu á einföldum formum þar sem listamaðurinn notar mislanga og breiða þrívíða fleti sem minna á kassa eða tening. Skúlptúrin stendur á stórum stöpli sem virðist hluti af verkinu þar sem kassalaga formin mynda eina heild. Fletirnir eru notaðir til þess að teikna upp form og hreyfingu í rýminu. Léttleika og tæra myndhugsun er að finna í verkinuinnra rými verksins opið en afmarkað með einföldum og skýrum ramma.

LISTAMAÐURINN:

Hallsteinn Sigurðsson (1945) nam myndlist við Myndlista- og handíðaskóla Íslands frá 1963-1966. Þaðan lá leið hans til Bretlands 1966-1972 þar sem að hann hélt áfram námi sínu með áherslu á skúlptúr. Hallsteinn á að baki fjölda einkasýninga auk þess sem fjöldi verka eftir hann eru sýnileg í borginni, meðal annars í Hallsteinsgarði (Gufunesi) í Grafarvogi. Listamaðurinn mótaði upphaflega verk sín í leir og tók mót og steypiti í steinsteypu eða ýmis plastefni. Seinni verk hans eru unnin í járn og álblöndur. Verk Hallsteins eru abstrakt verk, oft eru þau unnin út frá geometrískum formum.

LISTAMAÐUR:
HALLSTEINN SIGURÐSSON
STAÐSETNING:
STEEKJABAKKA
ÁR: 1973
HÆÐ: 190 CM
BREIDD: 140 CM
GREIN: SKÚLPTÚR
UNDIRGREIN:
MÁLMSKÚLPTÚR



Hugtök

GRUNNFORM: Grunnformin eru líka stundum kölluð frumform. Tvívíðu grunnformin eru ferningur, hringur og þríhyrningur. Þau eru líka til þrívíð en þá eru þau kassi, kúla og keila.

ÓHLUTBUNDIN LIST: Nefnist einnig abstraktlist. Það er myndlist sem ekki er eftirgerð hins sýnilega heldur misfrjálsleg útsetning á því og er oft byggð á áþreifanlegum fyrirbærum, t.d. tré, sem í meðförum listamanns verður að samræmdu samspili lína, lita og forma.

GEOMETRÍSK FORM: Eru meðal annars regluleg form eins og ferningar, ferhyrningar, hringir, kassar, kúlur og keilur. Oft eru geometrísk form manngerðir hlutir.

JÁKVÆTT OG NEIKVÆTT RÝMI: Í teikningu er myndefnið jákvætt rýmið en neikvætt rýmið er það sem er autt. Í höggmyndum er verkið sjálft jákvæða rýmið en neikvæða rýmið er andrýmið sem umlykur verkið.

ÚTILISTAVERK: Högg- og veggmyndir sem staðsettar eru úti og oft í almannarými.

Kveikjur fyrir stærðfræði



PÆLINGAR:

Hvað eru mörg kassalaga form í verki Hallsteins? Getur verið að þau séu fleiri en hægt er að greina við fyrstu sýn? Þegar ferningur verður þrívíður breytist hann í kassa. Hversu mörg kassalaga form í verki Hallsteins eru ferningar og hversu mörg eru ferhyrningar?



FRAMKVÆMD:

Byrjað er á því að fjalla um grunnformin og heiti þeirra. Nemendur skoða verk Hallsteins og gera tilraun til þess að mæla rúmmál listaverksins, í því felst að mæla ummál hvers kassa, lengd x breidd x hæð og leggja saman.

Pælingar

HALLSTEINN býr í Breiðholtshverfi þar sem hann er með mikið að verkum sínum í garðinum. Hefur þú séð þau á ferð þinni um hverfið?

HVAÐ má greina mörg grunnform í verki Hallsteins? Hvaða grunnform má sjá í verkinu?

VERK Hallsteins Ferningur I stendur á stöpli sem er ferhyrningur. Hvernig myndi verkið njóta sín á annars konar stöpli t.d. úr öðru grunnformi, hring, þríhyrningi, ferningi.

Kveikjur fyrir myndlist



FRAMKVÆMD:

Nemendur teikna neikvæða rýmið af verkinu. Þá er átt við rýmið sem er umhverfis verkið auk flatarins sem verkið rammar inn.



FRAMKVÆMD:

Nemendur sjá fyrir sér að verk Hallsteins sé tvívíðir fletir á blaði. Nemendur raða þeim upp á nýjan leik á þrjá mismunandi vegu og skrásetja með teikningu eða ljósmynd. Einnig má gefa flötunum lit. Nemendur velta fyrir sér verk og horfa eftir jákvæða og neikvæða rýminu í verkinu.





FRAMKVÆMD:

Í verki Hallsteins vinnur listamaðurinn með tvö grunnform ferninga og ferhyrning. Nemendur vinna þrívítt verk þar sem þeir bæta fleiri grunnformum inn í verkið.



MUNA EFTIR RÉTTU GRÆJUNUM Í GÖNGUTÚRINN!



Sólarauga

LISTAVERKIÐ:

Verkið er staðsett í Mjódd í Breiðholti og er gert úr löngum stálörmum sem teygja sig í allar áttir. Í miðju verksins er spegilslétt hringlaga stálplata sem tekur við geislum sólarinnar og varpar þeim á gangstéttina og umhverfi verksins. Verkið er byggt á kosmískri hugmyndafræði og eru áhrif sólarinnar stór þáttur í því að njóta verksins. Sólargeislar endurkastast í umhverfinu þar sem það stendur og er það talið undirstrika formbyggingu og tilgang verksins.

LISTAMAÐURINN:

Jón Gunnar Árnasson (1931-1989). Hann var vélsmiður að mennt en gerðist myndlistarmaður seint á sjötta áratugnum. Hann fékk námsstyrk og inngöngu í Hornsey College of Fine Arts í London og seinna meir kenndi hann um árabil í höggmyndadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Hann var einn af stofnendum Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík, SÚM-hópsins og Nýlistasafnsins í Reykjavík. Listferill Jón Gunnars er fjölbreyttur og var hann óhræddur við að fara nýjar leiðir í listsköpun sinni.

LISTAMAÐUR:

JÓN GUNNAR ÁRNASON

STAÐSETNING: MJÓDD

ÁR: 1982

HÆÐ: 7 METRAR

BREIDD: 5 METRAR

GREIN: SKÚLPTÚR

UNDIRGREIN:

MÁLMSKÚLPTÚR

Pælingar

UPP úr 1978 fór Jón Gunnar að vinna eingöngu að kosmískum verkum, þar sem sólin og alheimsorkan voru undirstaðan. Því staðsetur hann verkin oftast utan dyra, þar sem orka sólarinna nær til þeirra.

JÓN GUNNAR notaði rýmið til að fá áhorfendur til að taka þátt í listaverkum sínum. Hann staðsetti verk sín í almannarými þar sem margir eiga leið hjá.

ÚT frá staðsetningu á verkum Jón Gunnars skapaðist opinber umræða um rými og umhverfisþætti listaverka.

ÖNNUR verk Jón Gunnars sem teljast geta til kosmískra verka eru Sólvagninn, Sólbörur og Sólfarið sem staðsett er við Sæbraut.

„... það sem heillaði Jón Gunnar framar öllu var orkan í öllum sínum myndum; lífsorkan, orka málmsins sem nota má bæði til góðs og ills, orka sólarinnar, sem fæðir af sér allt líf jarðarinnar.

... og það má segja að kosmísk hugmyndafræði sé allsráðandi í verkinu. Kraftmiklir stálarmar teygja sig í allar áttir og yfirtaka rýmið eins og sólargeislar sem teygja sig í allar áttir. Í miðju verksins er spegilslétt hringlaga stálplata sem tekur við geislum sólarinnar og varpar þeim síðan inn í rýmið.“ (Mbl. 1994)

Hugtök

LIST Í ALMENNINGSRÝMI:

Listaverk á opinberum vettvangi. List í almenningsrými getur ýmist varað tímabundið eða verið ákveðið inngríp í umhverfið.

KOSMÍSK LIST:

(e. Cosmic art) eða „andleg“ list, alheimslist, lífsorkulist. List þessi teygir sig um mörg svið listsköpunar, tengist m.a. vísindaskáldskap og abstrakt myndlist á 20. öld. Hún gefur til kynna að lífið sé annað og meira en það sem við skynjum. Meðal annars tekur hún til drauma og fantasíu af ýmsu tagi. Kosmísk list kom fyrst fram á sjónarsviðið snemma á 20. öld.

ÚTILISTAVERK:

Högg- og veggmyndir sem staðsettar eru úti og í flestum tilfellum í almenningsrými.

SÚM-HÓPUR:

Hreyfing sem stofnuð var utan um starfsemi ungra listamanna sem hneigðust að ýmiss konar nýlist. Í hugmyndafræðinni á bak við hreyfinguna átti listin að vera hluti af lífinu en ekki sérstakt aflokað svið.



Kveikjur út frá sjálfbærni



PÆLINGAR:

Ætli Jón Gunnar sé að líkja verkinu Sólarauga við gaspöku, sem myndast í geimnum þegar stórar stjörnur enda aldur sinn með sprengingu, eða hugsanlega ákveðið sólkerfi í Vetrarbrautinni?



PÆLINGAR:

Sólin er uppspretta orku á jörðinni. Með nútímatækni getum við fangað þá orku og umbreytt til notkunar fyrir mannkynið. Hvaða orkugjafa þekkið þið? Hverjir eru kostir sólarorku fram yfir aðra orkugjafa?

Kveikjur fyrir myndlist



PÆLINGAR:

Notkun rýmis í verkum Jóns Gunnars eru einkenniandi fyrir staðsetningu þeirra í almannarými. Ætli hann hafi verið einn um að velja staðsetningu fyrir verkin? Hvert ætli markmið hans hafi verið með því að staðsetja verk sín í almannarými?



FRAMKVÆMD:

Nemendur skoða verkið Sólarauga, gera létta skissu og taka með sér í kennslustofu. Úr leir er mótaður skúlptúr sem innblásinn er af kosmískum áhrifum verks Jón Gunnars en ekki síður af þeirri staðsetningu sem velja á verkinu. Áður en hafist er handa við að móta skúlptúr er rétt að velta fyrir sér hvar skúlptúrin eigi vera og hvort hann geti verið staðsettur innan sem utan dyra.

Kveikjur fyrir samfélagsfræði



PÆLINGAR:

List er ekki einungis að finna innan veggja listasafna og sýningarsala. Hana er einnig að finna víða um borgina og oft er hún mikilvægur hluti af því sem fyrir augu ber dag hvern án þess að við gerum okkur endilega grein fyrir því. Dæmi um list sem finna má í almannarými eru stytur, lágmyndir, brjóstmyndir, veggmyndir, skreytilist og ýmiskonar minnisvarðar



PÆLINGAR:

Almenningsrými býður upp á möguleika til rannsóknar á félagslegum og/eða sögulegum veruleika sem listamenn hafa nýtt með ólíkum aðferðum. Ætli vegfarendur sem fara þar hjá reglulega hafi kynnt sér hugmyndir listamannsins á bak við verkið?



FRAMKVÆMD:

Listaverkið og staðsetning þess er skoðuð, rætt er um hvaða áhrif staðsetning listaverksins hafi á íbúa í hverfinu. Velt er vöngum um kosti þess að hafa listaverkið staðsett í Mjóddinni og hvort staðsetningin auki áhuga fólks á verkinu eða hvort fólk mundi njóta þess betur ef það stæði lengra frá verslunarkjarnanum t.d. á hringtorgi?



MUNA EFTIR RÉTTU GRÆJUNUM Í GÖNGUTÚRINN!

Heimildir

Dagný Heiðdal, Halldór Björn Runólfsson, Jón Proppé og Laufey Helgadóttir (2011). *Íslensk listasaga, Síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar*. Bindi IV. Reykjavík: Forlagið og Listasafn Íslands. Bls. 206-209.

Gunnar J. Árnasson, Hrafnhildur Schram og Æsa Sigurjónsdóttir. (2011) *Íslensk listasaga. Bindi II, Síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar*. Reykjavík: Forlagið, Listasafn Íslands. Bls 216-220.

Gunnar J. Árnasson, Hrafnhildur Schram og Æsa Sigurjónsdóttir. (2011) *Íslensk listasaga. Bindi V, Síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar*. Reykjavík: Forlagið, Listasafn Íslands. Bls. 111, 115.

Snorri Freyr Snorrason. *Jón Gunnar Árnason: Hin kosmíska listsýn*. (2011). Óprentuð námsritgerð. Háskóli Íslands.

Sara Riel. (2014, 18. október). (Viðtal).

Sigurður Guðmundsson. (2014). Bréf til höfunda, 20. nóvember.

Heimildir af vef

Hanna Rúna Sverrisdóttir. (2011, 29. október). Vegglistaverk í Fellunum afhjúpað. *Vísir*. Sótt 14. desember 2014 á <http://www.visir.is/vegglistaverk-i-fellunum-afhjupad/article/2013131028863>

Hallsteinn Sigurðsson. (2013). *Wikipedia*. Sótt 9. janúar 2014 á http://en.wikipedia.org/wiki/Hallsteinn_Sigur%C3%Bosson

Endemi, Sara Riel. Sótt 8. janúar 2014 á <http://endemi.is/sara-riel/>

Stofnun Árna Magnússonar. (2008). *Vísindavefurinn*. Sótt 5. janúar 2015 á <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=30104>

Jónas Hallgrímsson. (2012). *Jónas Hallgrímsson, Móðurást*. Sótt 4. janúar 2015 á <http://jonashallgrimsson.is/index.php?page=modurast>

Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri 1862. *Frjálsa frumtextasafnið*. (2013). Wikiheimild. Sótt 10. desember 2014 á <http://is.wikisource.org/wiki/Fors%C3%AD%C3%Boa>

Morgunblaðið 30. mars 1994. Sótt 15. apríl 2015 á <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/131646/>